

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður.

1. gr.

Innleiðing.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla í I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2007, frá 27. október 2007, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður.

2. gr.

Fylgiskjal.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Samþykki opinbers eftirlitsaðila.

Þegar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 183/2005, skv. 1. gr., kveður á um tiltekið „samþykki“ opinbers eftirlitsaðila fullnægja slíkir aðilar lagaskyldu sinni með útgáfu starfsleyfis nema annað sé sérstaklega tekið fram.

4. gr.

Eftirlit.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með föðri, áburði og sáðvöru.

5. gr.

Þvingunariðræði og viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með föðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

6. gr.

Lagastöð.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með föðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerðin öðlast gildi 1. mars 2010.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. janúar 2010.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 183/2005**

frá 12. janúar 2005

um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 37. gr. og b-lið 4. mgr. 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Búfjárframleiðsla er afar mikilvægur þáttur í landbúnaði innan Bandalagsins. Fullnægjandi árangur í þessari framleiðslu ræðst að miklu leyti af notkun öruggs gæðafóðurs.

2) Viðleitni til að vernda sem best heilbrigði manna og dýra er eitt helsta markmiðið með setningu laga um matvæli eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽³⁾. Í þeirri reglugerð er einnig mælt fyrir um aðrar sameiginlegar meginreglur og skilgreiningar fyrir landslög og lög Bandalagsins á sviði matvæla, þ.m.t. það markmið að flutningur fóðurs innan Bandalagsins verði frjáls.

3) Með tilskipun ráðsins 95/69/EB ⁽⁴⁾ eru sett skilyrði og ákvæði sem gilda um tiltekna flokka starfsstöðva og milliliða á sviði fóðurs til að gera þeim kleift að reka sína starfsemi. Reynslan hefur leitt í ljós að þessi skilyrði og ákvæði skapa traustan grunn til að tryggja öryggi fóðurs. Með þeirri tilskipun eru einnig sett skilyrði fyrir samþykki starfsstöðva (starfsleyfi starfsstöðva) sem framleiða tiltekin efni sem eru skráð í tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu ⁽⁵⁾.

4) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/51/EB frá 9. júlí 1998, þar sem mælt er fyrir um ráðstafanir vegna framkvæmdar tilskipunar ráðsins 95/69/EB um skilyrði og fyrirkomulag við að viðurkenna og skrá tilteknar fóðurstöðvar og milliliði á sviði dýrafóðurs ⁽⁶⁾, er kveðið á um tilteknar ráðstafanir sem m.a. varða fyrirkomulag innflutnings frá þriðju löndum.

5) Reynslan hefur einnig leitt í ljós að nauðsynlegt er að tryggja að öll fóðurfyrirtæki, þ.m.t. á sviði lagareldis, starfi í samræmi við samhæfðar öryggiskröfur og að nauðsynlegt er að gera sameiginlega úttekt þannig að unnt sé að tryggja enn frekar vernd heilbrigðis dýra og manna og umhverfisins.

6) Meginmarkmiðið með þessum nýju reglum um hollustuhætti, sem settar eru fram í þessari reglugerð, er að tryggja neytendum öfluga vernd með tilliti til öryggis matvæla og fóðurs, einkum með hliðsjón af eftirfarandi meginreglum:

a) frumábyrgð á öryggi fóðurs hvílir á stjórnanda fóðurfyrirtækis,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 32, 5.2.2004, bls. 97.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 31. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 21. desember 2004.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1642/2003 (Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 4).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 332, 30.12.1995, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 208, 24.7.1998, bls. 43.

- b) nauðsynlegt er að tryggja öryggi fôðurs í öllu ferli þess, frá og með frumframleiðslu fôðurs til og með fôðrun dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis,
- c) almenn framkvæmd aðferðanna, sem grundvallast á meginreglunum um greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum (GáHMSS), ásamt því að fylgja hollustusamlegum starfsvenjum, skal auka ábyrgð stjórnenda fôðurfyrirtækja,
- d) leiðbeiningar um góðar starfsvenjur eru mikilvægt tæki og stuðla að því að stjórnendur fôðurfyrirtækja geti á öllum þrepum vinnsluferlis fôðurs fylgt reglum um hollustuhætti í framleiðslu fôðurs og beitt GáHMSS-meginreglunum,
- e) ákvarða skal örverufræðilegar viðmiðanir sem grundvallast á vísindalegum áhættuviðmiðunum,
- f) nauðsynlegt er að tryggja að innflutt fôður standist a.m.k. sama staðal og fôður sem framleitt er í Bandalaginu.
- 7) Í því skyni að tryggja fullnaðarbeitingu kerfis fyrir skráningar og samþykki hjá öllum stjórnendum fôðurfyrirtækja og þar með fullan rekjanleika er rétt að sjá til þess að þeir verði sér úti um og noti eingöngu fôður frá starfsstöðum sem hafa verið skráðar og/eða samþykktar í samræmi við þessa reglugerð.
- 8) Samþætt stefna er nauðsynleg til að tryggja öryggi fôðurs allt frá frumframleiðslu og þar til það er sett á markað eða flutt út. Frumframleiðsla fôðurs tekur til afurða sem hljóta eingöngu einfalda meðhöndlun á borð við hreinsun, pökkun, geymslu, náttúrulega þurrkun eða votheysverkun.
- 9) Í samræmi við meðalhófsregluna og dreifræðisregluna gilda reglur Bandalagsins hvorki um viss tilvik frumframleiðslu fôðurs til einkanota og fôðrun tiltekinnna dýra né beina afhendingu á litlu magni frá frumframleiðslu fôðurs á staðnum eða smásölu gæludýrafôðurs.
- 10) Greina skal hættur í tengslum við frumframleiðslu fôðurs og hafa fullnægjandi eftirlit með þeim til að tryggja að markmiðunum með þessari reglugerð verði náð. Grundvallarreglur þessarar reglugerðar gilda því um býli sem eingöngu framleiða fôður til notkunar við eigin framleiðslu og um býli sem setja fôður á markað. Taka skal tillit til þess að áhættan er minni ef fôður er framleitt og notað til að fôðra dýr sem eingöngu eru notuð til einkaneyslu eða fyrir dýr sem ekki eru notuð til matvælaframleiðslu. Viðskipti með lítið magn fôðurvara á staðarvísu og smásala gæludýrafôðurs skulu meðhöndluð á sérstakan hátt innan ramma þessarar reglugerðar.
- 11) Beiting GáHMSS-meginreglnanna við frumframleiðslu fôðurs er markmið Evrópulöggjafar um hollustuhætti til meðallangs tíma. Leiðbeiningar um góðar starfsvenjur skulu þó þegar stuðla að því að farið sé að viðeigandi kröfum um hollustuhætti.
- 12) Öryggi fôðurs ræðst af ýmsum þáttum. Í löggjöf skal mælt fyrir um lágmarkskröfur um hollustuhætti. Opinbert eftirlit skal vera fyrir hendi til að sannreyna hvort stjórnendur fôðurfyrirtækja uppfylli kröfur. Að auki skulu stjórnendur fôðurfyrirtækja gera ráðstafanir eða samþykkja verklagsreglur til að ná miklu öryggi fôðurs..
- 13) GáHMSS-meginreglurnar geta auðveldað stjórnendum fôðurfyrirtækja að ná miklu öryggi fôðurs. Ekki skal líta svo á að GáHMSS-meginreglurnar séu til sjálfseftirlits og þær skulu ekki koma í stað opinbers eftirlits.
- 14) Beiting GáHMSS-meginreglnanna krefst þess að starfsmenn fôðurfyrirtækja starfi náið saman og leggi sig alla fram.
- 15) GáHMSS-meginreglur í fôðurframleiðslu skulu taka mið af meginreglunum í alþjóðamatvælastránni (Codex Alimentarius) en gefa nægjanlegan sveigjanleika við allar aðstæður. Í tilteknum fôðurfyrirtækjum er ekki gerlegt að tilgreina mikilvæga stýristaði og í sumum tilvikum geta góðar starfsvenjur komið í stað vöktunar á mikilvægum stýristöðum. Krafan um að setja áhættumörk, sem sett er fram í alþjóðamatvælastránni, felur heldur ekki í sér að nauðsynlegt sé að fastsetja töluleg mörk í hverju tilviki. Krafan um geymslu skjala, sem er sett fram í fyrrgreindri skrá, skal vera sveigjanleg þannig að hún verði ekki óþörf byrði fyrir mjög lítil fyrirtæki. Rétt er að sjá til þess að starfsemi, sem fôðurfyrirtæki annast á frumframleiðslustigi fôðurs, þ.m.t. tengd starfsemi og blöndun fôðurs með fôðurbæti eingöngu til nota á eigin bújörð, sé ekki skylt að fylgja GáHMSS-meginreglunum.

- 16) Sveigjanleiki er nauðsynlegur til að koma til móts við þarfir fôðurfyrirtækja á þeim svæðum sem lida fyrir sérstakar, landfræðilegar takmarkanir eða skipulagslegar kröfur. Slíkur sveigjanleiki má þó ekki stofna í hættu markmiðum sem sett eru um hollustuhætti er varða fôður. Gera skal ráðstafanir vegna umfjöllunar innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra eftir því sem við á.
- 17) Lögbært yfirvald í aðildarríki skal koma á kerfi fyrir skráningar og samþykki allra fôðurfyrirtækja til að tryggja rekjanleika frá framleiðanda til notanda í því skyni að auðvelda framkvæmd skilvirks, opinbers eftirlits. Lögbæru yfirvaldi í aðildarríki er heimilt að nota núverandi kerfi fyrir söfnun gagna um fôðurfyrirtæki til að koma á fót og hrinda kerfinu, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, í framkvæmd.
- 18) Rétt er að viðhalda samþykkiskerfi fyrir fôðurfyrirtæki að því er varðar starfsemi sem felur í sér mikla áhættu við fôðurframleiðslu. Gera skal ráðstafanir til að koma á málsmeðferð til að rýmka núverandi gildissvið samþykkiskerfisins sem kveðið er á um í tilskipun 95/69/EB.
- 19) Til að hljóta samþykki eða skráningu þurfa fôðurfyrirtæki að uppfylla ýmis skilyrði er varða rekstur, aðstöðu, búnað, starfsfólk, framleiðslu, gæðaeftirlit, geymslu og skjalahald í því skyni að tryggja bæði öryggi fôðurs og rekjanleika afurða. Gera skal ráðstafanir til að hafa þessi skilyrði breytileg til að tryggja að þau henti fyrir mismunandi tegundir fôðurfyrirtækja. Aðildarríkjunum skal vera heimilt að veita starfsstöð skilyrt samþykki ef vettvangsheimsóknin leiðir í ljós að starfsstöðin uppfyllir allar kröfur um grunnvirki og búnað. Þó skal einnig ákvarða hámarks-gildistíma fyrir þess háttar skilyrt samþykki.
- 20) Gera skal ráðstafanir til að unnt sé að fella tímabundið niður, breyta eða afturkalla skráningu eða samþykki ef breyting verður á starfsemi starfsstöðvar, hún er lögð niður eða uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir rekstri starfseminnar.
- 21) Rekjanleiki fôðurs og innihaldsefna í fôðri í fôðurferlinu er mikilvægur þáttur í því að tryggja öryggi fôðurs. Í reglugerð (EB) nr. 178/2002 er að finna reglur til að tryggja rekjanleika fôðurs og innihaldsefna fôðurs og þar er kveðið á um málsmeðferð til að samþykka framkvæmdarreglur sem gilda fyrir tiltekna geira.
- 22) Endurtekin áföll í tengslum við fôður hafa sýnt fram á að ef eitthvað fer úrskeiðis í fôðurferlinu getur það haft afdrifaríkar, fjárhagslegar afleiðingar. Sérstakt eðli fôðurframleiðslu og það hversu flókið dreifingarkerfi fôðurs er gerir það að verkum að erfitt er að taka fôður af markaði. Kostnaður við að bæta fjárhagslegt tjón í fôður- og matvælaferlinu lendir oft á opinberum sjóðum. Minni kostnaður væri fyrir samfélagið við að bæta þessar efnahagslegu afleiðingar ef stjórnandinn, sem annast þá starfsemi sem veldur efnahagslegu tjóni á sviði fôðurs, er dreginn til fjárhagslegrar ábyrgðar. Þó er ef til vill ekki gerlegt eða heppilegt að koma á almennu, lögboðnu kerfi fyrir fjárhagslega ábyrgð og tryggingar, t.d. með váttryggingu, sem gildir um alla stjórnendur fôðurfyrirtækja. Framkvæmdastjórnin skal því veða og meta þetta atriði enn frekar, með tilliti til ákvæða í gildandi löggjöf að því er varðar ábyrgð á öðrum sviðum, svo og núverandi kerfi og venjur í aðildarríkjunum. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu ásamt lagafrumvörpum þar sem við á.
- 23) Fôður, sem er flutt inn í Bandalagið, skal uppfylla almennu kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 178/2002 og þau innflutningsskilyrði sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fôður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt⁽¹⁾. Til að koma í veg fyrir röskun á viðskiptum er rétt að innflutningur verði leyfður áfram með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í tilskipun 98/51/EB þar til framkvæmdarráðstöfununum er lokið.
- 24) Afurðir, sem eru fluttar til þriðju landa frá Bandalaginu, skulu uppfylla almennu kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 178/2002.
- 25) Rétt er að færa út gildissvið hraðviðvörðunarkerfisins fyrir matvæli og fôður sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 178/2002 þannig að það taki til áhættu fyrir heilbrigði dýra eða umhverfið sem stafar af fôðri fyrir dýr sem ekki eru alin til matvælaframleiðslu.
- 26) Löggjöf Bandalagsins um hollustuhætti sem varða fôður skal grundvallast á vísindalegri ráðgjöf. Í því skyni skal samráð haft við Matvælaöryggisstofnun Evrópu hvenær sem nauðsyn ber til.
- 27) Til að tekið verði tillit til framfara á sviði vísinda og tækni skal vera nán og árangursrík samvinna milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(¹) Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1 (Leiðrétting: Stjtið. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1).

- 28) Í þessari reglugerð er tekið tillit til alþjóðlegra skuldbindinga sem mælt er fyrir um í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um ráðstafanir varðandi heilbrigði dýra og plantna og í alþjóðlegum stöðlum um öryggi matvæla sem er að finna í alþjóðamatvælaskránni.
- 29) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og tryggja að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.
- 30) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.
- 31) Rétt er að fresta gildistökudegi þessarar reglugerðar í því skyni að gefa viðkomandi fôðurfyrirtækjum tíma til að aðlaga sig.
- 32) Af framangreindum ástæðum skulu tilskipanir 95/69/EB og 98/51/EB felldar úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um:

- almennar reglur um hollustuhætti sem varða fôður,
- skilyrði og fyrirkomulag sem tryggja rekjanleika fôðurs,
- skilyrði og fyrirkomulag skráningar og samþykkis starfsstöðva.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:

- starfsemi stjórnenda fôðurfyrirtækja á öllum stigum allt frá frumframleiðslu og þar til það er sett á markað,

- fôðrun dýra sem gefa af sér afurðir til manndis,
- innflutning og útflutning fôðurs frá þriðju löndum og til þeirra.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- framleiðslu fôðurs til einkanota á heimilum:
 - fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manndis til einkaneyslu

eða

- fyrir dýr sem ekki eru alin til matvælaframleiðslu,

- fôðrun dýra sem gefa af sér afurðir til manndis til einkaneyslu eða starfsemi sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli⁽²⁾,

- fôðrun dýra sem ekki eru alin til matvælaframleiðslu,

- beina afhendingu framleiðanda á litlu magni frumframleiðslu fôðurs á staðarvísu til býla á staðnum til nota á þessum býlum,

- smásölu gæludýrafôðurs.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að ákvarða reglur og leiðbeiningar um þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. Þessar landsbundnu reglur og leiðbeiningar skulu tryggja að markmiðum þessarar reglugerðar verði náð.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í reglugerð (EB) nr. 178/2002, sbr. þó eftirfarandi tiltekna skilgreiningar:

- „hollustuhættir er varða fôður“: ráðstafanir og skilyrði sem eru nauðsynleg til að halda hættu í skefjum og tryggja að fôður sé hæft til dýraeldis, að því tilskildu að það sé notað eins og fyrirhugað er,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1. Leiðrétting: Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 3).

- b) „stjórnandi fódurfyrirtækis“: einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir því að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar í fódurfyrirtæki undir hans stjórn,

5. gr.

Sérstakar skyldur

- c) „aukefni í fódri“: efni eða örverur sem eru leyfðar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri ⁽¹⁾,

1. Að því er varðar starfsemi á sviði frumframleiðslu fódurs og eftirfarandi tengda starfsemi:

- d) „starfsstöð“: hvers kyns eining í fódurfyrirtæki,

- a) flutning, geymslu og meðhöndlun frumframleiðsluvara á framleiðslustað,

- e) „lögbert yfirvald“: yfirvald í aðildarríki eða þriðja landi sem er tilnefnt til að annast opinbert eftirlit,

- b) flutning í því skyni að afhenda frumframleiðsluvörur á framleiðslustað til starfsstöðvar,

- f) „frumframleiðsla fódurs“: framleiðsla landbúnaðarafurða, einkum ræktun, uppskera, mjaltir og eldi dýra (fram að slátrun) eða fiskveiðar, sem eingöngu gefa af sér afurðir sem hljóta ekki aðra meðhöndlun eftir uppskeru, söfnun eða veiðar en einfalda, ytri meðhöndlun.

- c) blöndun fódurs, sem er eingöngu fyrir eigin bújarðir, án þess að nota aukefni eða forblöndur með aukefnum að undanskildum íblöndunarefnum til votheysverkunar,

skulu stjórnendur fódurfyrirtækja fara að ákvæðum I. viðauka ef það á við í viðkomandi starfsemi.

II. KAFLI

SKYLDUR

4. gr.

Almennar skyldur

1. Stjórnendur fódurfyrirtækja skulu sjá til þess að öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar undir þeirra stjórn fari fram í samræmi við lögjöf Bandalagsins, landslög sem samrýmast henni og góðar starfsvenjur. Þeir skulu einkum sjá til þess að þau fullnægi viðkomandi kröfum um hollustuhætti sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Við föðrun dýra, sem gefa af sér afurðir til manneldis, skulu bændur gera ráðstafanir og samþykkja aðferðir til að halda hættu á líffræði-, efna- og eðlisfræðilegri mengun fódurs, dýra og dýraafurða eins lítilli og unnt er.

2. Að því er varðar aðra starfsemi en þá sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. blöndun fódurs sem er eingöngu fyrir eigin bújarðir þegar notuð eru aukefni eða forblöndur aukefna, að undanskildum aukefnum til votheysverkunar, skulu stjórnendur fódurfyrirtækja fara að ákvæðum II. viðauka ef það skiptir máli í viðkomandi starfsemi.

3. Stjórnendur fódurfyrirtækja skulu:

- a) fara að sértekum örverufræðilegum viðmiðunum,
- b) gera ráðstafanir eða taka upp aðferðir sem eru nauðsynlegar til að ná settum markmiðum. Viðmiðanir og markmið, sem um getur í a- og b-lið, skulu samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr.

4. Stjórnendur fódurfyrirtækja geta notað leiðbeiningarnar í III. kafla til að auðvelda þeim að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.

5. Bændur skulu fara að ákvæðunum, sem sett eru fram í III. viðauka, við föðrun dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis.

⁽¹⁾ Stjótt. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

6. Stjórnendur fôðurfyrirtækja og bændur skulu eingöngu fá og nota fôður frá fyrirtækjum sem eru skráð og/eða samþykkt í samræmi við þessa reglugerð.

6. gr.

Kerfi um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði (GÁHMSS)

1. Stjórnendur fôðurfyrirtækja, sem reka aðra starfsemi en þá sem um getur í 1. mgr. 5. gr., skulu innleiða, koma á og viðhalda fastri, skriflegri aðferð eða aðferðum sem byggjast á GÁHMSS-meginreglunum.

2. Meginreglurnar, sem um getur í 1. mgr., eru sem hér segir:

- a) að greina hvers kyns hættu sem verður að afstýra, eyða eða draga úr þannig að hún teljist viðunandi,
- b) að tilgreina mikilvæga stýristaði á því eða þeim framleiðslustigum þar sem mikilvægt er að viðhafa eftirlit til að afstýra eða eyða hættu eða draga úr henni svo að viðunandi teljist,
- c) að setja áhættumörk á mikilvægum stýristöðum sem greina milli þess sem er viðunandi og óviðunandi að því er varðar að afstýra, eyða eða draga úr hættu sem hefur verið tilgreind,
- d) að koma á og hrinda í framkvæmd árangursríkum vöktunaraðferðum á mikilvægum stýristöðum,
- e) að ákveða aðgerðir til úrbóta ef vöktun bendir til þess að eitthvað hafi farið úrskeiðis á mikilvægum stýristað,
- f) að ákveða aðferðir í því skyni að ganga úr skugga um að ráðstafanirnar, sem lýst er í a- til e-lið, séu fullnægjandi og skili tilætluðum árangri; sannpröfun skal fara fram með reglubundnu millibili,
- g) að útbúa skjöl og færa skrár sem eru í samræmi við eðli og umfang fôðurfyrirtækisins í því skyni að sýna fram á að beiting þeirra ráðstafana, sem lýst er í a- til f-lið, beri árangur.

3. Verði einhverjar breytingar á afurð, framleiðsluferlinu eða einhverju stigi framleiðslunnar, vinnsluferli, geymslu eða dreifingu skulu stjórnendur fôðurfyrirtækja endurskoða aðferðina og breyta henni eins og nauðsyn ber til.

4. Stjórnendur fôðurfyrirtækja mega nota, sem hluta af aðferðakerfinu sem um getur í 1. mgr., leiðbeiningar um góðar starfsvenjur ásamt leiðbeiningum um notkun GÁHMSS sem eru þróaðar í samræmi við 20. gr.

5. Heimilt er að samþykkja ráðstafanir til að auðvelda framkvæmd þessarar greinar, þ.m.t. fyrir lítil fyrirtæki, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr.

7. gr.

Skjöl sem varða GÁHMSS-kerfið

1. Stjórnendur fôðurfyrirtækja skulu:

- a) leggja fyrir lögbært yfirvald staðfestingu á því að þeir fari að ákvæðum 6. gr. á því formi sem lögbæra yfirvaldið gerir kröfu um,
- b) tryggja að öll skjöl, sem lýsa aðferðunum sem hafa verið þróaðar í samræmi við 6. gr., séu ávallt uppfærð.

2. Lögbæra yfirvaldið skal taka mið af eðli og umfangi fôðurfyrirtækis þegar það fastsetur kröfur um það form sem um getur í a-lið 1. gr.

3. Heimilt er að samþykkja nákvæma tilhögun við framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. Slík tilhögun getur auðveldað tilteknum stjórnendum fôðurfyrirtækja framkvæmd GÁHMSS-meginreglnanna, sem þróaðar eru í samræmi við III. kafla, í því skyni að uppfylla kröfum á 1. mgr. 6. gr.

8. gr.

Fjárhagsleg trygging

1. Í því skyni að koma á skilvirku kerfi fjárhagslegrar tryggingar fyrir stjórnendur fôðurfyrirtækja skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 8. febrúar 2006, skýrslu um fjárhagslega tryggingu í fôðurgeiranum. Auk þess að skoða gildandi, landsbundin lagaákvæði, kerfi og aðferðir með tilliti til ábyrgðar í fôðurgeiranum og tengdum geirum skal fylgja skýrslunni, ef við á, lagafrumvörp um slíkt framkvæmanlegt og raunhæft kerfi trygginga á vettvangi Bandalagsins. Þessar tryggingar skulu ná yfir þann heildarkostnað sem stjórnendur gætu verið kallaðir til ábyrgðar fyrir vegna beinna afleiðinga af innköllun af markaði, meðhöndlun og/eða vegna förgunar fôðurs, dýra og afurða þeirra.

2. Stjórnendur fódurfyrirtækja eru ábyrgir fyrir hugsanlegum brotum á viðkomandi löggjöf um öryggi fódurs og skulu stjórnendur í skilningi 2. mgr. 5. gr. leggja fram staðfestingu þess að þeir heyri undir fjárhagslegu tryggingarnar sem krafist er samkvæmt lagaákvæðum Bandalagsins sem um getur í 1. mgr.

9. gr.

Opinbert eftirlit, tilkynning og skráning

1. Stjórnendur fódurfyrirtækja skulu vinna með lögbærum yfirvöldum í samræmi við viðkomandi löggjöf Bandalagsins og landslög sem samrýmast henni.

2. Stjórnendur fódurfyrirtækja skulu:

a) tilkynna viðkomandi lögbæru yfirvaldi, á því formi sem yfirvaldið krefst, um allar starfsstöðvar undir þeirra stjórn sem annast framleiðslu, vinnslu, geymslu, flutninga eða dreifingu fódurs á einhverju stigi, með skráningu að markmiði,

b) veita lögbæru yfirvaldi nýjustu upplýsingar um starfsstöðvar undir þeirra stjórn, eins og um getur í a-lið, m.a. með því að tilkynna lögbæru yfirvaldi um umtalsverðar breytingar á starfsemi og ef starfsstöð í rekstri er lokað.

3. Lögbært yfirvald skal viðhalda skrá eða skráum yfir starfsstöðvar.

10. gr.

Samþykki starfsstöðva fódurfyrirtækja

Stjórnendur fódurfyrirtækja skulu tryggja að starfsstöðvar undir þeirra stjórn sem falla undir þessa reglugerð séu samþykktar af lögbæru yfirvaldi ef:

1) slík starfsstöð hefur eina eða fleiri af eftirfarandi tegundum starfsemi:

a) framleiðir og/eða setur aukefni í fódri á markað sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1831/2003 eða framleiðir afurðir sem falla undir tilskipun 82/471/EBE og um getur í 1. kafla IV. viðauka við þessa reglugerð,

b) framleiðir og/eða setur forblöndur á markað sem í eru notuð aukefni í fódri sem um getur í 2. kafla IV. viðauka við þessa reglugerð,

c) framleiðir í því skyni að setja á markað eða eingöngu fyrir eigin bújarðir forblöndur sem í eru notuð aukefni í fódri eða forblöndum sem innihalda aukefni í fódri sem um getur í 3. kafla IV. viðauka við þessa reglugerð,

2) samþykkis er krafist samkvæmt lögum þess aðildarríkis þar sem starfsstöðin er staðsett

eða

3) samþykkis er krafist samkvæmt reglugerð sem samþykkt er í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr.

11. gr.

Kröfur

Stjórnendur fódurfyrirtækja skulu ekki reka fyrirtæki nema:

a) þau hafi verið skráð eins og kveðið er á um í 9. gr.

eða

b) með samþykki ef þess er krafist í samræmi við 10. gr.

12. gr.

Upplýsingar um landsbundnar reglur um samþykki

Öll aðildarríki, sem krefjast samþykkis tiltekinna starfsstöðva á yfirráðasvæði sínu skv. 2. mgr. 10. gr., skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um þær landsbundnu reglur sem við eiga.

13. gr.

Samþykki starfsstöðva

1. Lögbært yfirvald skal því aðeins samþykkja starfsstöðvar að sýnt hafi verið fram á, með vettvangsheimsókn áður en starfsemi hefst, að stöðvarnar uppfylli viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

2. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að veita skilyrt samþykki ef vettvangsheimsóknin leiðir í ljós að starfsstöðin virðist uppfylla allar kröfur um grunnvirki og búnað. Það veitir ekki fullt samþykki nema önnur vettvangsheimsókn, innan þriggja mánaða frá því að skilyrta samþykkið var veitt, leiði í ljós að starfsstöðin uppfylli hin skilyrðin sem um getur í 1. mgr. Hafi augljósar framfarir átt sér stað en starfsstöðin uppfyllir ekki enn allar þessar kröfur getur lögbæra yfirvaldið framlengt skilyrta samþykkið. Þó má skilyrt samþykki ekki gilda lengur en sex mánuði samtals.

14. gr.

Niðurfelling skráningar eða samþykkis

Lögbært yfirvald skal tímabundið fella niður skráningu eða samþykki starfsstöðvar að því er varðar eina eða allar tegundir starfsemi ef sýnt hefur verið fram á að starfsstöðin uppfyllir ekki lengur skilyrði sem viðkomandi starfsemi eru sett.

Slík niðurfelling gildir þar til starfsstöðin uppfyllir skilyrðin á ný. Ef slík skilyrði hafa ekki verið uppfyllt innan árs gildir 15. gr.

15. gr.

Afturköllun skráningar eða samþykkis

Lögbært yfirvald skal afturkalla skráningu eða samþykki starfsstöðvar að því er varðar eina eða fleiri tegundir starfsemi hennar ef:

- a) starfsstöðin hættir einni eða fleiri tegundum starfsemi,
- b) sýnt er fram á að starfsstöðin hefur ekki uppfyllt skilyrði fyrir starfsemi sinni í eitt ár,
- c) það kemst að raun um verulega vanrækslu eða verður ítrekað að stöðva framleiðslu starfsstöðvar og stjórnandi fóðurfyrirtækisins getur ekki ábyrgst áframhaldandi framleiðslu svo viðumandi sé.

16. gr.

Breytingar á skráningu eða samþykki starfsstöðvar

Lögbært yfirvald skal breyta skráningu eða samþykki starfsstöðvar, að fenginni beiðni, ef sýnt er fram á að hún sé fær um að sinna starfsemi sem er til viðbótar þeim tegundum starfsemi sem fyrst voru skráðar eða viðurkenndar eða kemur í stað þeirra.

17. gr.

Undanþága frá vettvangsheimsóknum

1. Aðildarríkin eru undanþegin þeirri skyldu að sinna vettvangsheimsóknum, sem kveðið er á um í 13. gr., til fóðurfyrirtækja sem eru eingöngu söluaðilar en geyma ekki vörur á athafnasvæði sínu.

2. Slík fóðurfyrirtæki skulu leggja fyrir lögbært yfirvald yfirlýsingu, á því formi sem lögbært yfirvald ákveður, þess efnis að fóður, sem þau setja á markað, uppfylli skilyrði þessarar reglugerðar.

18. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir

1. Starfsstöðvum og milliliðum, sem hafa verið samþykkt og/eða skráð í samræmi við tilskipun 95/69/EB, er heimilt að halda starfsemi sinni áfram með því skilyrði að þau leggi, eigi síðar en 1. janúar 2006, tilkynningu þess efnis fyrir viðkomandi lögbært yfirvald á því svæði þar sem aðstaða þeirra er.

2. Starfsstöðvum og milliliðum, þar sem hvorki er gerð krafa um skráningu né samþykki í samræmi við tilskipun 95/69/EB en skráningar er krafist fyrir í samræmi við þessa reglugerð, er heimilt að halda starfsemi sinni áfram með því skilyrði að þau leggi, eigi síðar en 1. janúar 2006, umsókn um skráningu fram hjá viðkomandi lögbæru yfirvaldi á því svæði þar sem aðstaða þeirra er.

3. Umsækjandi skal eigi síðar en 1. janúar 2008 lýsa því yfir, á formi sem lögbært yfirvald ákveður, að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu uppfyllt.

4. Lögbær yfirvöld skulu taka tillit til gagnsöfnunarkerfa sem þegar eru fyrir hendi og fara þess á leit við tilkynnanda eða umsækjanda að þeir leggi eingöngu fram viðbótarupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar. Einkum geta lögbær yfirvöld litið á tilkynningu skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004 sem umsókn skv. 2. mgr.

19. gr.

Skrá yfir skráðar og samþykktar starfsstöðvar

1. Lögbært yfirvald skal færa starfsstöðvarnar, sem það hefur skráð í samræmi við 9. gr., í landsbundna skrá eða skrár að því er varðar hverja tegund starfsemi.

2. Starfsstöðvar, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt í samræmi við 13. gr., skulu skráðar í landsskrá með sérstöku auðkennisnúmeri.

21. gr.

3. Aðildarríkin skulu halda uppfærðum þeim upplýsingum um starfsstöðvar í skránum sem um getur í 1. og 2. mgr. í samræmi við ákvarðanirnar sem um getur í 14., 15. og 16. gr. um að fella niður, afturkalla eða breyta skráningu eða samþykki.

4. Semja skal skrána, sem um getur í 2. mgr., í samræmi við fyrirmyndina í I. kafla í V. viðauka.

5. Auðkennisnúmerið, sem um getur í 2. mgr., skal vera á því formi sem sett er fram í II. kafla í V. viðauka.

6. Framkvæmdastjórnin skal taka saman þann hluta skráa aðildarríkjanna sem tekur til starfsstöðvanna sem um getur í 2. mgr. og gera hann aðgengilegan almenningi í fyrsta sinn í nóvember 2007 og eftir það á hverju ári, eigi síðar en 30. nóvember. Í samanteknu skránni skal taka mið af breytingum á árinu.

7. Aðildarríkin skulu gera skránar yfir starfsstöðvarnar sem um getur í 1. mgr. aðgengilegar almenningi.

III. KAFLI

LEIÐBEININGAR UM GÓÐAR STARFSVENJUR

20. gr.

Samning, dreifing og notkun leiðbeininga

1. Framkvæmdastjórnin skal hvetja til samningar leiðbeininga Bandalagsins um góðar starfsvenjur í fódurgeiranum og beitingar GáHMSS-meginreglna í samræmi við 22. gr. Ef þörf krefur skulu aðildarríkin hvetja til þess að landsbundnar leiðbeiningar séu samdar í samræmi við 21. gr.

2. Lögbær yfirvöld skulu hvetja til dreifingar og notkunar bæði landsbundinna leiðbeininga og leiðbeininga Bandalagsins.

3. Stjórnendum fódurfyrirtækja er þó í sjálfsvald sett hvernig þeir haga notkun þessara leiðbeininga.

Landsbundnar leiðbeiningar

1. Þegar landsbundnar leiðbeiningar um góðar starfsvenjur eru samdar skulu þær samdar og þeim skal dreift á vegum fódurfyrirtækja:

a) í samráði við fulltrúa hagsmunaaðila sem kunna að verða fyrir verulegum áhrifum, s.s. lögbær yfirvöld og notendahópa,

b) með hliðsjón af viðeigandi reglum um góðar starfsvenjur í alþjóðamatvæslaskránni.

og

c) þegar þær varða frumframleiðslu fódurs, með hliðsjón af kröfunum sem settar eru fram í I. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu leggja mat á landsbundnu leiðbeiningarnar til að tryggja að:

a) þær hafi verið samdar í samræmi við 1. mgr.,

b) inntak þeirra sé þannig að raunhæft sé að nota þær í þeim geirum sem þær eru ætlaðar fyrir

og

c) að þær henti sem leiðsögn til að fara að 4., 5. og 6. gr. í viðkomandi geirum og/eða að því er varðar viðkomandi fóður.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni landsbundnu leiðbeiningarnar.

4. Framkvæmdastjórnin skal koma á laggirnar og reka skráningarkerfi fyrir leiðbeiningar af þessu tagi og veita aðildarríkjunum aðgang að því.

22. gr.

Leiðbeiningar Bandalagsins

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við nefndina, sem um getur í 1. mgr. 31. gr., áður en leiðbeiningar Bandalagsins um góðar starfsvenjur varðandi hollustuhætti eða um beitingu GáHMSS-meginreglnanna eru samdar. Markmiðið með þessu samráði er að veita og meta þörfina á slíkum leiðbeiningum, gildissvið þeirra og inntak.

2. Þegar unnið er að leiðbeiningum Bandalagsins skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að þær verði samdar og þeim dreift:

a) af eða í samráði við viðeigandi fulltrúa úr evrópska fôðurgeiranum og annarra hagsmunaaðila, s.s. notendahópa,

b) í samstarfi við aðila sem eiga hagsmuna að gæta og þær kunna að hafa veruleg áhrif á, m.a. lögbær yfirvöld.

3. Leiðbeiningar Bandalagsins skulu samdar og þeim dreift með hliðsjón af:

a) viðeigandi reglum um góðar starfsvenjur í alþjóðamatvælskránni

og

b) kröfunum sem settar eru fram í I. viðauka, ef þær varða frumframleiðslu fôðurs.

4. Nefndin, sem um getur í 1. mgr. 31. gr., skal leggja mat á drög að leiðbeiningum Bandalagsins til að tryggja:

a) að þær hafi verið samdar í samræmi við 2. og 3. mgr.,

b) að inntak þeirra sé þannig að raunhæft sé að nota þær í öllu Bandalaginu í þeim geirum sem þær gilda fyrir

og

c) að þær henti sem leiðsögn til að fara að 4., 5. og 6. gr. í viðkomandi geirum og/eða að því er varðar viðkomandi fôður.

5. Framkvæmdastjórnin skal hvetja nefndina, sem um getur í 1. mgr. 31. gr., til að endurskoða reglulega allar leiðbeiningar Bandalagsins, sem eru teknar saman í samræmi við þessa grein, í samvinnu við þá aðila sem nefndir eru í 2. mgr. þessarar greinar. Markmiðið með þessari endurskoðun er að tryggja að leiðbeiningarnar komi að áframhaldandi notum og að tekið verði tillit til framfara á sviði vísinda og tækni.

6. Titlar og tilvísanir í leiðbeiningar Bandalagsins, sem eru teknar saman í samræmi við þessa grein, skulu birtar í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*.

IV. KAFLI

INN- OG ÚTFLUTNINGUR

23. gr.

Innflutningur

1. Stjórnendur fôðurfyrirtækja, sem flytja inn fôður frá þriðju löndum, skulu sjá til þess að innflutningur eigi sér eingöngu stað í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

a) sendingarlandið, sem er þriðja land, er tilgreint í skrá sem er samin í samræmi við 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur á fôðri er leyfður,

b) afgreiðslustöðin er tilgreind í skrá sem þriðja land semur og uppfærir í samræmi við 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 yfir starfsstöðvar þaðan sem innflutningur á fôðri er leyfður,

c) afgreiðslustöðin eða önnur starfsstöð í skránni, sem um getur í b-lið, eða í Bandalaginu framleiddi fôðrið

og

d) fôðrið uppfyllir:

i. kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og allri annarri löggjöf Bandalagsins þar sem mælt er fyrir um reglur um fôður

eða

ii. skilyrði sem Bandalagið telur a.m.k. jafngilt tédum kröfum

eða

iii. kröfur í sérsamningi milli Bandalagsins og útflutningslandsins ef slíkur samningur hefur verið gerður.

2. Samþykkja má fyrirmynd að innflutningsvottorði í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr.

24. gr.

Tímabundnar ráðstafanir

Þrátt fyrir ákvæði 33. gr. og þar til skrámar, sem kveðið er á um í a- og b-lið 1. mgr. 23. gr., hafa verið samdar er innflutningur áfram leyfður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar 98/51/EB.

25. gr.

Útflutningur

Fóður, sem er framleitt í Bandalaginu til að setja á markað í þriðju löndum, þ.m.t. fóður fyrir dýr sem ekki eru alin til matvælaframleiðslu, skal uppfylla ákvæði 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

26. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Heimilt er að mæla fyrir um framkvæmdarráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr.

27. gr.

Breytingar á I., II. og III. viðauka

Heimilt er að breyta I., II. og III. viðauka í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 31. gr., með tilliti til:

- a) þróunar reglna um góðar starfsvenjur,
 - b) reynslu af því að koma á GÁHMSS-kerfum skv. 6. gr.,
 - c) tækniþróunar,
 - d) vísindalegrar ráðgjafar, einkum í tengslum við nýtt áhættumat,
 - e) setningar markmiða um öryggi fódurs
- og
- f) þróunar krafna sem varða tiltekna starfsemi.

28. gr.

Undanþágur frá ákvæðum I., II. og III. viðauka

Heimilt er að veita undanþágur frá ákvæðum I., II. og III. viðauka af tilteknum ástæðum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr., að því tilskildu að þær komi ekki í veg fyrir að markmiðum þessarar reglugerðar verði náð.

29. gr.

Hraðviðvörðunarkerfi

Ef tiltekið fóður, þ.m.t. fóður fyrir dýr sem ekki eru alin til matvælaframleiðslu, getur stofnað heilbrigði manna eða dýra eða umhverfinu í verulega hættu gildir 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 að breyttu breytanda.

30. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 8. febrúar 2007 og skulu tilkynna henni, án tafar, um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

31. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 178/2002 (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

32. gr.

Samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu

Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu um öll þau mál sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar og kunna að hafa veruleg áhrif á lýðheilsu, einkum áður en tillaga er lögð fram um viðmiðanir eða markmið í samræmi við 3. mgr. 5. gr.

33. gr.

34. gr.

Niðurfelling

Gildistaka

Eftirfarandi tilskipanir eru felldar niður, með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna varðandi lögleiðingarfresti, frá og með 1. janúar 2006:

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

- a) tilskipun ráðsins 95/69/EB,
- b) tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/51/EB.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2006.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 12. janúar 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
J. P. BORRELL FONTELLES
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
N. SCHMIT
forseti.

I. VIÐAUKI

FRUMFRAMLEIÐSLA

A-HLUTI

Kröfur til fôðurfyrirtækja á frumframleiðslustigi fôðurs sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

I. Ákvæði um hollustuhætti

1. Stjórnendur fôðurfyrirtækja, sem eru ábyrgir fyrir frumframleiðslu fôðurs, skulu sjá til þess að rekstrinum sé stjórnað og hann fari þannig fram að komið sé í veg fyrir hættu, sem getur ógnað öryggi fôðurs, henni eytt eða haldið í lágmarki.
2. Stjórnendur fôðurfyrirtækja skulu, eins og framast er unnt, tryggja að frumframleiðsluvörur, sem eru framleiddar, unnar, hreinsaðar, settar í umbúðir, geymdar og fluttar á þeirra ábyrgð séu varðar gegn mengun og skemmdum.
3. Stjórnendur fôðurfyrirtækja skulu rækja skyldurnar, sem settar eru fram í 1. og 2. lið, með því að fara að viðeigandi ákvæðum í löggiðf Bandalagsins og landsbundinni löggiðf sem tengjast vörnum gegn hættu, þ.m.t.:
 - i. ráðstafanir til að sporna gegn mengun, m.a. úr lofti, jarðvegi, vatni, áburði, plöntuvarnarefnum, sæfiefnum, dýralyfjum og vegna meðhöndlunar og förgunar úrgangs og
 - ii. ráðstafanir sem tengjast heilbrigði plantna og dýra og umhverfinu og hafa áhrif á öryggi fôðurs, m.a. áætlanir um vöktun og varnir gegn mannsmitanlegum dýrasjúkdómum og smitvöldum þeirra.
4. Þar sem við á skulu stjórnendur fôðurfyrirtækja gera fullnægjandi ráðstafanir, einkum í því skyni:
 - a) að halda hreinni aðstöðu, búnaði, ílátum, grindum og farartækjum, sem eru notuð til að framleiða, tilreiða, flokka, pakka, geyma og flytja fôður, og sótthreinsa þau á viðeigandi hátt að lokinni hreinsun ef nauðsyn krefur,
 - b) að tryggja, ef nauðsyn krefur, að fôður sé hreint og að framleiðsla þess, flutningur og geymsla fari fram við hollustusamleg skilyrði,
 - c) að nota hreint vatn þegar það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir hættulega mengun,
 - d) að koma, eins og framast er unnt, í veg fyrir að hættuleg mengun hljótist af dýrum og skaðvöldum,
 - e) að geyma og meðhöndla úrgang og hættuleg efni á aðskilinn og öruggan hátt þannig að ekki hljótist hættuleg mengun af,
 - f) að tryggja að efni, sem notað er í umbúðir, valdi ekki hættulegri mengun fôðurs,
 - g) að taka tillit til niðurstaðna hvers kyns greininga sem eru gerðar á sýnum úr frumframleiðsluvörum eða öðrum sýnum sem skipta máli í tengslum við öryggi fôðurs.

II. Skráahald

1. Stjórnendur fôðurfyrirtækja skulu, á þann hátt sem við á og í viðeigandi tíma, í samræmi við eðli og umfang fyrirtækisins, halda skrár með upplýsingum sem tengjast ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni að sporna gegn hættunni. Stjórnendur fôðurfyrirtækja skulu gera viðeigandi upplýsingar í þessum skráum aðgengilegar lögbæru yfirvaldi.
2. Stjórnendur fôðurfyrirtækja skulu einkum halda skrár um:
 - a) alla notkun plöntuvarnarefna og sæfiefna,

- b) notkun erfðabreytts fræs,
 - c) öll tilvik skaðvalda eða sjúkdóma sem koma upp og geta haft áhrif á öryggi frumframleiðsluvara,
 - d) niðurstöður hvers kyns greininga, sem gerðar eru á sýnum, sem eru tekin úr frumframleiðsluvörum, eða öðrum sýnum sem eru tekin til sjúkdómsgreiningar og skipta máli í tengslum við öryggi fódurs,
 - e) uppruna og magn fódurs sem tekið er við ásamt ákvörðunarstað og magn fódurs sem er afhent.
3. Aðrir, t.d. dýralæknar, jarðræktarfræðingar og landbúnaðartæknar, mega aðstoða stjórnendur fóðurfyrirtækja við færslu skráa sem skipta máli fyrir starfsemi þeirra á býlinu.

B-HLUTI

Tilmæli varðandi leiðbeiningar um góðar starfsvenjur

1. Þegar landsbundnar leiðbeiningar og leiðbeiningar Bandalagsins, sem um getur í III. kafla þessarar reglugerðar, eru samdar skal vera í þeim leiðarvisir um góðar starfsvenjur til að sporna gegn hættum í frumframleiðslu fódurs.
2. Í leiðbeiningum um góðar starfsvenjur skulu vera viðeigandi upplýsingar um hættur sem skapast í frumframleiðslu fódurs og aðgerðir til að sporna gegn hættunum, þ.m.t. viðeigandi ráðstafanir sem settar eru fram í löggjöf Bandalagsins og landsbundinni löggjöf eða í áætlunum Bandalagsins og landsbundnum áætlunum, s.s.:
 - a) varnir gegn mengun af völdum t.d. sveppaeiturs, þungmálma og geislavirkra efna,
 - b) notkun vatns, lífræns úrgangs og áburðar,
 - c) rétt og viðeigandi notkun plöntuvarnarefna og sæfiefna og rekjanleiki þeirra,
 - d) rétt og viðeigandi notkun dýralyfja og aukefna í fóðri og rekjanleiki þeirra,
 - e) tilreiðsla, geymsla og rekjanleiki fóðurefna,
 - f) rétt förgun dýrahreja, úrgangs og hálms,
 - g) verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir aðflutning smitsjúkdóma sem geta borist í dýr með fóðri og um hvers kyns skyldu til að tilkynna lögbæru yfirvaldi um þá,
 - h) verklagsreglur, venjur og aðferðir til að tryggja að fóður sé framleitt, tilreitt, sett í umbúðir, geymt og flutt við viðeigandi og hollustusamleg skilyrði, þ.m.t. skilvirk hreinsun og varnir gegn skaðvöldum,
 - i) upplýsingar er varða skráahald.

II. VIÐAUKI

KRÖFUR TIL FÓÐURFYRIRTÆKJA, ANNARRA EN ÞEIRRA SEM ERU Á SVIÐI FRUMFRAMLEIÐSLU FÓÐURS SEM UM GETUR Í 1. MGR. 5. GR.

AÐSTAÐA OG BÚNAÐUR

1. Halda skal vinnslu- og geymsluaðstöðu fyrir fóður, búnaði, ílátum, grindum, farartækjum og nánasta umhverfi hreinu og beita skal skilvirkum varnaráætlunum gegn skaðvöldum.
2. Útfærsla, hönnun, bygging og stærð aðstöðunnar skal vera þannig:
 - a) að unnt sé að þrifa og/eða sótthreinsa hana nægilega vel,
 - b) að hættu á mistökum sé haldið í lágmarki og komist sé hjá mengun, víxlmengun og öllum öðrum skaðlegum áhrifum á öryggi og gæði varanna. Eftir hvers kyns vothreinsun skal þurrka vélbúnað sem kemst í snertingu við fóður.
3. Hafa skal viðeigandi og reglubundið eftirlit með aðstöðu og búnaði, sem eru notuð við blöndun og/eða framleiðslu, í samræmi við skriflegar verklagsreglur sem framleiðandinn ákveður fyrir fram fyrir vörurnar.
 - a) Allar vogir og mælitæki, sem eru notuð við fóðurframleiðslu, skulu gerð fyrir það þyngdar- eða rúmmálsbil sem mæla á og skal reglulega prófa nákvæmni búnaðarins.
 - b) Allur blöndunarbúnaður, sem er notaður við fóðurframleiðslu, skal gerður fyrir það þyngdar- eða rúmmálsbil sem mæla á og skal hann vera þannig að unnt sé að framleiða blöndur og þynningarlausnir sem eru nægilega einsleitir. Stjórnendur skulu sýna fram á skilvirkni blöndunarbúnaðar að því er varðar einsleitni.
4. Í aðstöðunni skal vera næg náttúruleg lýsing og/eða gervilýsing.
5. Frárennskiferfið skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til slíks kerfis; það skal hannað og byggt þannig að ekki sé hættu á að fóður mengist.
6. Vatn, sem er notað við framleiðslu fódurs, skal vera fullnægjandi að gæðum fyrir dýr; vatnsleiðslur skulu vera úr hvarftregu efni.
7. Farga skal skólpi, úrgangi og regnvatni þannig að tryggt sé að búnaður og öryggi og gæði fódurs verði ekki fyrir áhrifum. Skemmdum og ryki skal haldið í lágmarki til að koma í veg fyrir að skaðvaldar komist inn.
8. Gluggar og önnur op skulu, eftir því sem nauðsyn krefur, geta haldið skaðvöldum úti. Dyr skulu vera þéttar og geta haldið skaðvöldum úti þegar þær eru lokaðar.
9. Ef nauðsyn krefur skulu loft og festingar í lofti vera þannig hönnuð, byggð og frá þeim gengið að ekki safnist þar fyrir óhreinindi og að þétting raka, óæskilegur mygluvöxtur og losun agna, sem geta haft áhrif á öryggi og gæði fódurs, verði sem minnst.

STARFSFÓLK

Fóðurfyrirtæki skulu hafa yfir að ráða nógu mörgum hæfum starfsmönnum sem hafa nauðsynlega þekkingu, menntun og hæfi til að framleiða viðkomandi vörur. Semja skal skipurit með upplýsingum um menntun og hæfi (t.d. prófskírteini, starfsreynslu) og ábyrgð starfsmanna, sem hafa yfirumsjón með framleiðslunni, sem lögbær eftirlitsyfirvöld eiga að hafa aðgang að. Allir starfsmenn skulu hafa skýrar, skriflegar upplýsingar um verkefni sín, ábyrgð og valdsvið, einkum þegar breytingar eru gerðar, til að vörurnar verði af þeim gæðum sem sóst er eftir.

FRAMLEIÐSLA

1. Tilnefna skal hæfan einstakling sem ber ábyrgð á framleiðslunni.
2. Stjórnendur fôðurfyrirtækja skulu tryggja að vinna á mismunandi framleiðslustigum samræmist fyrirframákveðnum, skráðum aðferðum og fyrirmælum sem miða að því að skilgreina, fylgjast með og hafa stjórn á mikilvægum stöðum í framleiðsluferlinu.
3. Gera skal tæknilegar eða skipulagslegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða lágmarka, eins og þörf krefur, hvers kyns vixlmengun og skekkjur. Nauðsynlegt er að til séu fullnægjandi og viðeigandi úrræði til að sinna eftirliti meðan á framleiðslu stendur.
4. Hafa skal eftirlit, í tengslum við heilbrigði manna eða dýra, með því hvort fram komi bannað fóður, óaskileg efni eða önnur mengunarefni og koma skal á viðeigandi varmarætlunum til að halda áhættunni í lágmarki.
5. Úrgangur og efni, sem ekki henta sem fóður, skal einangra og auðkenna. Farga skal á viðeigandi hátt öllum slíkum efnum sem innihalda hættulega mikið af dýralyfjum, mengunarefnum eða öðrum hættulegum efnum og skulu þau ekki notuð sem fóður.
6. Stjórnendur fôðurfyrirtækja skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að rekja feril afurðanna.

GÆÐAEFTIRLIT

1. Ef við á skal tilnefna hæfan einstakling sem ber ábyrgð á gæðaeftirliti.
2. Það skal vera liður í gæðaeftirlitskerfi fôðurfyrirtækja að þau hafi aðgang að rannsóknarstofu með viðeigandi starfsfólki og búnaði.
3. Gera skal skriflega áætlun um gæðaeftirlit og hrinda henni í framkvæmd og skal hún einkum taka til eftirlits með mikilvægum stöðum í framleiðsluferlinu, aðferða við sýnatöku og tíðni sýnatöku, greiningaraðferða og tíðni greininga, athugunar á því hvort farið sé að forskriftum, allt frá vinnslu efna til lokaafurða og hvernig bregðast skal við ef ekki er farið að forskriftunum.
4. Framleiðandi skal halda skjöl, sem varða hráefni sem notað er í lokaafurðir, í því skyni að tryggja rekjanleika. Slík skjöl skulu vera aðgengileg lögbærum yfirvöldum í hæfilega langan tíma sem ræðst af því í hvaða tilgangi afurðirnar eru settar á markað. Að auki skal taka nægilegt magn sýna úr innihaldsefnum og úr hverri framleiðslulotu afurðar sem er framleidd og sett á markað eða úr hverjum tilteknum hluta framleiðslunnar (þegar um samfellda framleiðslu er að ræða) samkvæmt aðferð sem framleiðandinn ákveður fyrirfram með tilliti til þess að unnt sé að tryggja rekjanleika (ef framleiðslan er eingöngu til eigin nota skulu sýnin tekin með reglulegu millibili). Nauðsynlegt er að innsigla og merkja sýnin þannig að auðvelt sé að sanngreina þau og skal geyma þau við skilyrði sem koma í veg fyrir óeðlilegar breytingar á samsetningu þeirra eða að þau spillist. Sýnin skulu geymd þar sem lögbær yfirvöld hafa aðgang að þeim í hæfilega langan tíma sem ræðst af fyrirhugaðri notkun fôðursins þegar það er sett á markað. Ef um er að ræða fóður, sem er ætlað dýrum sem ekki eru alin til matvælaframleiðslu, þarf framleiðandi fôðursins eingöngu að geyma sýni úr lokaafurðinni.

GEYMSLA OG FLUTNINGUR

1. Aðskilja skal unnið fóður frá óunnum fôðurefnum og aukefnum til að koma í veg fyrir vixlmengun við unna fôðrið og skal nota viðeigandi umbúðafni.
2. Fóður skal geymt og flutt í viðeigandi geymum. Geyma skal fôðrið á stöðum sem eru þannig útfærðir og lagaðir og haldið í þannig standi að góð geymsluskilyrði séu tryggð og þeir einstaklingar einir hafi aðgang að þeim sem hafa til þess leyfi stjórnenda fôðurfyrirtækisins.

3. Fóðrið skal geymt og flutt þannig að auðvelt sé að sanngreina það til að komast hjá hvers kyns ruglingi eða víxlmengun og koma í veg fyrir að það spillist.
4. Gámunum og búnaði, sem eru notuð við flutning, geymslu, afhendingu, meðhöndlun og vigtun, skal haldið hreinum. Innleiða skal hreinsunaráætlanir og leifar þvotta- og hreinsiefna og sóthreinsiefna skulu vera í lágmarki.
5. Öllum skemmdum skal haldið í lágmarki til að verjast skaðvöldum.
6. Þar sem við á skal hitastig vera eins lágt og unnt er til að koma í veg fyrir þéttingu raka og skemmdir.

SKRÁHALD

1. Allir stjórnendur fódurfyrirtækja, þ.m.t. þeir sem eru eingöngu söluaðilar en geyma aldrei vörurnar á athafnasvæði sínu, skulu halda skrá með viðeigandi gögnum sem taka til upplýsinga um kaup, framleiðslu og sölu svo unnt sé að rekja ferlið frá móttöku til afhendingar, þ.m.t. útflutningur á lokaákvörðunarstað.
2. Stjórnendur fódurfyrirtækja, að undanskildum þeim sem eru eingöngu seljendur sem geyma aldrei vörur á athafnasvæði sínu, skulu skrá og varðveita:
 - a) Skjöl sem varða framleiðsluferli og eftirlit. Fódurfyrirtæki skulu ráða yfir skráningarkerfi sem er hannað bæði til að geta skilgreint og haft stjórn á mikilvægu stöðunum í framleiðsluferlinu og komið á og hrint í framkvæmd gæðaeftirlitsáætlun. Þau skulu geyma niðurstöðurnar úr þessu eftirliti. Þessi skjöl ber að varðveita svo að rekja megi framleiðslusögu hversrar framleiðslulotu vöru sem er sett í dreifingu og skera megi úr um það hvar ábyrgðin liggur ef kvartanir berast.
 - b) Skjöl sem varða rekjanleika, einkum:
 - i. aukefna í fóðri:
 - eðli og magn þeirra aukefna sem hafa verið framleidd, framleiðsludagar þeirra og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar ef um samfellda framleiðslu er að ræða,
 - heiti og heimilisfang starfsstöðvarinnar, sem fékk aukefnin afhent, eðli og magn aukefnanna sem voru afhent og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar ef um samfellda framleiðslu er að ræða,
 - ii. vörur sem falla undir tilskipun 82/471/EBE:
 - eðli varanna og magn framleiðslunnar, framleiðsludagar þeirra og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar ef um samfellda framleiðslu er að ræða,
 - heiti og heimilisfang starfsstöðva eða notenda (starfsstöðvar eða bændur) sem hafa fengið vörurnar í hendur, ásamt upplýsingum um eðli og magn þeirra vara, sem hafa verið afhentar, og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar ef um samfellda framleiðslu er að ræða,
 - iii. forblöndur:
 - heiti og heimilisfang framleiðenda eða birgja aukefna, eðli og magn þeirra aukefna, sem hafa verið notuð og, ef við á, númer framleiðslulotunnar eða tiltekins hluta framleiðslunnar þegar um samfellda framleiðslu er að ræða,

- framleiðsludagur forblöndunnar og, ef við á, númer framleiðslutunnar,
 - heiti og heimilisfang starfsstöðvarinnar sem hefur fengið forblönduna í hendur, afhendingardag, eðli og magn þeirrar forblöndu sem hefur verið afhent, og ef við á, númer framleiðslutunnar.
- iv. fódurblöndur/fóðurefni:
- heiti og heimilisfang framleiðenda eða birgja aukefnisins/forblöndunnar, eðli og magn forblöndunnar sem er notuð, ásamt númeri framleiðslutunnar ef við á,
 - heiti og heimilisfang birgja fóðurefna og fódurbætis ásamt afhendingardegi,
 - tegund, magn og samsetning fódurblöndu,
 - eðli og magn framleiddra fóðurefna eða fódurblandna ásamt framleiðsludegi og nafni og heimilisfangi kaupanda (t.d. bónda eða annarra stjórnenda fódurfyrirtækis).

KVARTANIR OG INNKÖLLUN VARA

1. Stjórnendur fódurfyrirtækja skulu taka upp kerfi fyrir skráningu og meðhöndlun kvartana.
2. Þeir skulu koma á, ef nauðsyn krefur, kerfi sem gerir kleift að innkalla með skjótum hætti vörur í dreifingarkerfinu. Þeir skulu ákveða, samkvæmt skriflegum aðferðum, viðtökustað vara, sem hafa verið innkallaðar, og áður en slíkar vörur eru settar aftur í dreifingu skulu þær gangast undir gæðaeftirlit að nýju.

III. VIÐAUKI

GÓÐAR STARFSVENJUR VIÐ FÓÐRUN DÝRA

BEITING

Nýtingu bithaga og ræktarlands til beitar skal háttáð þannig að mengun matvæla úr dýraríkinu vegna eðlis-, líf- eða efnafræðilegrar hættu sé haldið í lágmarki.

Til að tryggja að ákvæði um hvíldartímabil í tengslum við notkun íðefna í landbúnaði séu virt og til að halda í lágmarki líffræðilegri vixlmengun vegna húsdýraáburðar, ef um slíkan vanda er að ræða, skal líða hæfilegur tími, eftir því sem við á, áður en húsdýrum er beitt á svæði með beitargróðri eða ræktuðum plöntum eða leifum þeirra, svo og milli beitaraskipta.

KRÖFUR ER VARÐA GRIPAHÚS OG FÓÐURGJAFARBÚNAÐ

Búfjárframleiðslueiningin skal vera hönnuð þannig að unnt sé að þrifa hana á fullnægjandi hátt. Hreinsa skal búfjárframleiðslueininguna og fóðurgjafarbúnaðinn vandlega og með reglubundnu millibili til að koma í veg fyrir hættur. Íðefni, sem eru notuð við hreinsun og sóthreinsun, skulu notuð í samræmi við leiðbeiningar og geymd fjarri fódri og svæðum þar sem fódur er gefið.

Koma skal á varnarkerfi gegn skaðvöldum til að verjast því að skaðvaldar komist í búfjárframleiðslueininguna til að halda hugsanlegri mengun fódurs og undirburðarefnis eða búfjáreininga í lágmarki.

Halda skal byggingum og fóðurgjafarbúnaði hreinum. Koma skal á kerfi til að fjarlægja reglulega húsdýraáburð, úrgangsefni og annað sem getur valdið mengun í fódri.

Skipta skal reglulega um fódur og undirburðarefni, sem er notað í búfjárframleiðslueiningunni, og ekki má láta það mygla.

FÓÐRUN

1. Geymsla

Geyma skal fódur aðskilið frá íðefnum og öðrum vörum sem ekki eru leyfðar í dýrafóður. Halda skal geymslusvæðum og ílátum hreinum og þurrum og grípa til viðeigandi varnarástafana gegn skaðvöldum ef nauðsyn krefur. Hreinsa skal geymslusvæði og ílát reglulega til að koma í veg fyrir óþarfa vixlmengun.

Geyma skal fræ á viðunandi hátt og þannig að dýr komist ekki í það.

Geyma skal lyfjablandað fódur og fódur, sem ekki er lyfjablandað, ætlað mismunandi flokkum eða tegundum dýra, þannig að dregið sé úr hættu á því að það sé gefið dýrum sem það er ekki ætlað.

2. Dreifing

Dreifingarkerfi fódurs á býlum skal tryggja að rétt fódur sé gefið á réttum stað. Við dreifingu og fóðrun skal meðhöndla fódrið þannig að tryggt sé að mengun af völdum mengaðra geymslusvæða og búnaðar eigi sér ekki stað. Til að koma í veg fyrir mengun skal meðhöndla fódur, sem ekki er lyfjablandað, aðskilið frá lyfjablönduðu fódri.

Hreinsa skal reglubundið ökutæki til fódurflutninga og fóðurgjafabúnað, einkum þegar þau eru notuð til að afhenda og dreifa lyfjablönduðu fódri.

FÓÐUR OG VATN

Gæði drykkjarvatns og vatns fyrir lagareldi skulu vera fullnægjandi fyrir þau dýr sem eru alin þar. Sé ástæða til að hafa áhyggjur af mengun dýra eða dýraafurða af völdum vatns skal gera ráðstafanir til að meta hættuna og lágmarka hana.

Fóðurgjafar- og brynningarbúnaður skal hannaður, smíðaður og komið fyrir þannig að mengun fóðurs og vatns sé í lágmarki. Hreinsa skal brynningarbúnað reglulega og sinna viðhaldi hans eftir því sem unnt er.

STARFSFÓLK

Sá sem ber ábyrgð á fóðrun og hirðingu dýra skal búa yfir tilskilinni kunnáttu, þekkingu og hæfni.

—

IV. VIÐAUKI

1. KAFLI

Aukefni sem eru leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003:

- viðbætt næringarefni: öll aukefni sem tilheyra flokknum,
- dýraræktaraukefni: öll aukefni sem tilheyra flokknum,
 - tæknileg aukefni: aukefni sem falla undir „þráavarnarefni“ í b-lið 1. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003: eingöngu aukefni sem hámarksinnihald hefur verið ákveðið fyrir,
- skynræn aukefni: aukefni sem falla undir „litgjafar“ í a-lið 2. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003: karótenóíð og xantófýll.

Vörur sem falla undir tilskipun 82/471/EBE:

- prótín sem eru fengin úr örverum sem tilheyra flokkunum bakteríur (gerlar), gersveppir, þörungar, óæðri sveppir: allar vörur í flokknum (að undanskildum undirflokki 1.2.1),
- aukaafurðir sem falla til við framleiðslu aminosýra með gerjun: allar vörur í flokknum.

2. KAFLI

Aukefni sem eru leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003:

- dýraræktaraukefni: aukefni sem falla undir „önnur dýraræktaraukefni“ í d-lið 4. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003,
 - sýklalyf: öll aukefni,
 - hníslalyf og vefsvipungalyf: öll aukefni,
 - vaxtarhvatar: öll aukefni,
- viðbætt næringarefni:
 - aukefni sem falla undir „vitamín, forvitamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með samsvarandi verkun“ í a-lið 3. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003: A og D,
 - aukefni sem falla undir „efnasambönd með snefilefnum“ í b-lið 3. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003: Cu og Se.

3. KAFLI

Aukefni sem eru leyfð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003:

- dýraræktaraukefni: aukefni sem falla undir „önnur dýraræktaraukefni“ í d-lið 4. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003,
- sýklalyf: öll aukefni,
 - hníslalyf og vefsvipungalyf: öll aukefni,
 - vaxtarhvatar: öll aukefni.
-

V. VIÐAUKI

I. KAFLI

Skrá yfir samþykkt fóðurfyrirtæki

1	2	3	4	5
Auðkennisnúmer	Starfsemi	Heiti eða firmaheiti (¹)	Heimilisfang (²)	Athugasemdir

(¹) Heiti eða firmaheiti fóðurfyrirtækjanna.
(²) Heimilisfang fóðurfyrirtækjanna.

II. KAFLI

Auðkennisnúmerið skal vera sem hér segir:

1. rittáknið „a“ ef fóðurfyrirtækið hefur verið samþykkt,
2. ISO-kóði þess aðildarríkis eða þriðja lands þar sem fóðurfyrirtækið er staðsett,
3. landsbundna tilvísunarnúmerið, að hámarki átta alstafir.

B-deild – Útgáfud. 11. febrúar 2010